

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

fyrir Hafnarfjarðarbæ

MIÐBÆR HAFNARFJARÐAR

hugmyndavinna vegna nýrrar uppbyggingar




HAFNARFJÖRÐUR

Núverandi ástand



Horft yfir gamla bæinn



Helstu umferðaræðar að miðbænum

Miðbær Hafnarfjarðar er einstakur á landsvísu enda óvíða að finna jafn stóra byggð húsa frá áratugunum í kringum aldamótin 1900. Þessi hús, auk nýrri húsa, sitja í hraunbrekkunni umhverfis gömlu höfnina með verslunar- og þjónustusvæði neðst í brekkunni við sjávarsíðuna.

Aðal verslunargata Hafnarfjarðar, Strandgatan, er enn iðandi af lífi með fjölbreytta verslun og þjónustu í áhugaverðri blöndu timburhúsa frá 19. öld og nýrri steinsteypra húsa.

Í lok 20. aldar var lögð „hraðbraut“ á landfyllingu meðfram sjávarsíðunni og 4-7 hæða nýbyggingar reistar vestan Strandgötu. Við þetta var miðbærinn slitinn enn frekar frá sjávarsíðunni og 45-80 metra breitt malbiksflæmi skilur nú sjóinn frá þeim byggingum sem standa næst honum.

Það má þó finna göngustíg meðfram sjávar-síðunni, en hann er að mestu leyti við hlið mikillar umferðargötu, svo hann býður ekki upp á notalega dægrardvöl.

Umferðarflæði í gegnum miðbæinn er töluvert á Reykjavíkurvegi/Fjarðargötu/Strandgötu, en hluti þeirrar umferðar er án efa gegnumstreymisumferð sem ætti frekar heima á Reykjanesbraut.

Flensborgarhöfn er í dag nokkuð aftengd mið-bænum enda er engin verslun eða þjónusta á um 200 metra kafla frá Fjörúkránni að Von/Pallett kjarnnum. Æskilegt væri að brúa þetta bil.



Malbiksflæmi slítur miðbæinn frá höfninni og Norðurbakka



Horft yfir Norðurbakkann og byggðasafnið




Strandgata



Bæjartorg



Fjarðargata



MIÐBÆRINN

Afstöðumynd - núverandi

Landslag innan svæðis

Grunnflötur húsa: 19.700m²

Malbik: 51.500m²

Annað: 52.800m²

Samtals: 124.000m²

Byggingarmagn innan svæðis (birtir m²)

Íbúðir: 11.100m²

Gisting: 1.700m²

Atvinna: 24.200m²

Menning: 9.300m²

Samtals: 46.300m²

Svæði: 124.000m²

Nýtingarhlutfall: 0,37


Bílastæði innan svæðis opin almenningi

Ofanjarðar: 648 stæði


Neðanjarðar: 66 stæði

Samtals: 696 stæði





Menningarþólar í sitthvorum enda miðbæjar




Samgöngutorg í hjarta miðbæjarins: Borgarlína/strætó/vatnastrætó



Breiðgata með hjólastígum og borgarlínu




Tenging við sjó og tjarnir




Nýbyggingar við sjávarsíðu tengjast sjó og göngustíg



Flensborgarhöfn tengd miðbæ með nýrri landfyllingu



Hafnarfjarðarkirkja sýnileg frá nýrri bryggju



Hafnarfjarðarkirkja sem einskonar innsiglingarviti



Flensborgarhöfn

Segja má að miðbæjarsvæðið nái á milli tveggja menningarþóla sem mynda sitthvort akkerið í gagnstæðum endum miðbæjarins. Byggðasafnið og bókasafn í norðri og íþróttahúsið, Gaflaraleikhúsið og Fjörukráin í suðri.


Miðbær þarf á heildstæðri endurskipulagningu að halda þar sem horft er á þetta svæði á milli menningarþólanna með sérstaka áherslu á að virkja svæðið við sjávarsíðuna, með gangandi einstakling í fyrirrúmi og vistvænar samgöngur.

Í stað núverandi bílastæða- og hraðbrautaskipulags eru byggðar nýbyggingar með lifandi jarðhæðir meðfram nýju breiðstræti (e. boulevard) þar sem má m.a. finna hjólastíga og sérrými fyrir borgarlínu. Vestan breiðstrætisins er röð húsa sem hafa beina tengingu við sjávarsíðuna, sem yrði einstakt á lands-vísu. Sú húsaröð nær allt að Flensborgarhöfn, til að tengja hafnarsvæðið betur við miðbæinn, en það krefst vægrar landfyllingar syðst á svæðinu.

Til að tengjast sjónum enn betur er gert ráð fyrir þremur nýjum bryggjum á svæðinu, hver með sitt hlutverk. Við Norðurbakka er veitinga- og sýningar-skáli á fastri timburbryggju. Framan við íþróttahúsið er sjóbaðsstaður, þar sem húsnæði með búnings-aðstöðu og gufubaði situr á flotbryggju með nokkrum laugum. Í einni gæti verið hreinsaður óhitaður sjór, í annari hitaður sjór og í þeirri þriðju heitt ferskvatn.

Þriðja bryggjan er staðsett framan við Fjörð í tengslum við aðal samgöngutorg bæjarins, þar sem aðal stoppistöð borgarlínu og strætó er að finna. Um er að ræða flotbryggju fyrir smábáta en auk þess er gert ráð fyrir að nýr vatnastrætó stoppi við enda bryggjunnar þar sem lítið kaffihús/biðskýli er að finna. Vatnastrætóin gæti siglt í miðbæ Reykjavíkur og tengst stærra neti sem næði frá Reykjanesbæ til Akraness.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að varðveita ásýnd Hafnarfjarðarkirkju, bæði að hinu nýja breiðstræti, en ekki síst út að sjónum og getur kirkjan þannig áfram virkað sem einskonar innsiglingarviti þegar siglt er í höfn.



MIÐBÆRINN

Afstöðumynd - eftir breytingar

Landslag innan svæðis

Grunnflötur húsa: 34.000m²
Malbik: 26.600m²
Annað: 69.400m²
Samtals: 130.000m²

Viðbótar byggingarmagn innan svæðis (birtir m²)

Íbúðir: 30.000m² (u.þ.b. 300-350 íbúðir)
Gisting: 4.500m²
Atvinna: 14.000m²
Samtals: 55.925m²

Samtals byggingarmagn innan svæðis (birtir m²)

Íbúðir: 41.100m²
Gisting: 6.200m²
Atvinna: 38.200m²
Menning: 9.300m²
Samtals: 94.800m²

Ný landfylling: 6.000m²
Svæði með landfyllingu: 130.000m²
Nýtingarhlutfall: 0,73

Bílastæði innan svæðis opin almenningi

Ofanjarðar: 340 stæði
Neðanjarðar: 500 stæði
Samtals: 840 stæði

Bílastæði fyrir íbúðarhúsnaði í bílgeymslum:
250-350 stæði









1. Nýtt bókasafnstorg á mótí ráðhúsi



2. Ný bogadregin bygging sem gæti hýst hótél



3. Nýtt torg meðfram Linnetsstíg




1. Verslunarmiðstöð í hjarta gamla bæjarins



2. Samgöngutorg og breiðstræti með borgarlínu og hjólastígum



3. Kaffihús og stoppistöð vatnastrætóa



1. Ný hús og útisvæði við núverandi kirkjutjörn



2. Nýtt göngusvæði og byggingar við sjóinn



3. Nýtt sjóðaðssvæði í góðum tengslum við íþróttahúsið

